



Fjölskyldubærinn Seltjarnarnes

Seltjarnarnes býr yfir einstakri sögu og samfélagi þar sem nálægð, náttúra og samkennd móta bæjarlífið. Markmið okkar er að Seltjarnarnes verði sterkara menningarsamfélag þar sem saga, náttúra og mannlíf mynda lifandi heild — samfélag þar sem fólk kemur saman, tekur þátt og nýtur þess að búa á Nesinu.

Við Sjálfstæðismenn erum stoltir af því samfélagi sem mótast hefur á Nesinu undir okkar forystu. Á þeim traustum grunni ætlum við að byggja og gera enn betur.

Fjölskyldubærinn Seltjarnarnes

Skólar í fremstu röð

- **Nýtt leikskólamódel bætir aðstöðu til starfs og náms og eykur sveigjanleika.** Gæði og fagmennska verða í forgrunni og við eflum enn frekar hátt hlutfall fagmenntaðs starfsfólks með markvissum aðgerðum, m.a. með innleiðingu nýs leikskólamódel.
- **Leikskólaláss frá 12 mánaða aldri** með nýjum leikskóla og bættri aðstöðu.
- **Heimgreiðslur/biðlistagreiðslur frá 12 mánaða aldri.** Foreldrar eiga rétt á biðgreiðslum meðan barn bíður eftir leikskólalássi.
- **Velliðan og jákvæður skólaandi, öruggt umhverfi þar sem allir fá að njóta sín.** Aukin áhersla á lestur til að tryggja sterka grunnfærni allra barna og markvissan árangur í lestri og lesskilningi. Á Seltjarnarnesi eiga öll börn að blómstra og njóta jafnra tækifæra.
- **Skýrt og gagnsætt námsmat í grunnskólum** sem styður við framfarir nemenda og veitir foreldrum skýra innsýn. Aukin áhersla á lestur til að tryggja góða grunnfærni allra barna og markvissan árangur í lestri, lesskilningi og stærðfræði.
- **Öflugt samstarf við foreldra** með virku upplýsingaflæði og sameiginlegri ábyrgð á velferð og árangri barna.
- **Markvissar úrbætur í sérkennslu** með áherslu á snemmtækan og árangursríkan stuðning.
- **Aukin áhersla verður lögð á tónlistarnám í leikskólanum.** Forskóli I í tónlistaskólanum verður áfram foreldrum að kostnaðarlausu og þannig eru börnum tryggð jöfn tækifæri til tónlistarnáms.

Fjölskyldubærinn Seltjarnarnes

Öflugt íþróttastarf

- **Bætt aðstaða og skilvirkt viðhald íþróttamannvirkja** með skýrri framkvæmdaáætlun.
- **Við viljum tryggja að efnahagur, aðstæður eða félagsleg staða komi ekki í veg fyrir þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.** Börn og unglingar verði lengur í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi
- **Lýðheilsa alla ævina.** Við horfum ekki bara á börn og ungmenni heldur líka á fullorðna og eldri borgara með því að auka aðgengi allra að hreyfingu, samveru og útivist.
- **Litlum og aðgengilegum hreyfistöðvum í hverfum bæjarins** verði fjölgað.
- **Heilsusvæði í Nesi við Lækningaminjasafnið þar sem saga, útivist og lýðheilsa mætast.** Á svæðinu er hægt að þróa fjölbreytt útivistarsvæði fyrir alla með gönguleiðum, æfingartækjum, og annarri íþróttaaðstöðu.

Fjölskyldubærinn Seltjarnarnes

Góð þjónusta við eldri borgara

- **Heilsuefling eldri borgara er mikilvægt verkefni.** Regluleg hreyfing stuðlar að bættri vellíðan og betri lýðheilsu. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi stuðning við verkefni á borð við Frísk í Gróttu og skapa aðstæður sem hvetja til daglegrar hreyfingar.
- **Virkt þátttaka eldri borgara. Kynslóðir taka höndum saman.** Sjálfstæðisflokkurinn vill hrinda af stað verkefni þar sem eldri sjálfbóðaliðar hlusta á börnin lesa, aðstoða þau, efla orðaforða þeirra og styðja þau í að ná góðum tókum á íslensku.

Fjölskyldubærinn Seltjarnarnes

Samhent samfélag

- **Félagsheimilið í öndvegi.** Hafist handa við endurbætur á Félagsheimilinu sem verður lifandi samkomustaður fyrir tónleika, leiksýningar og fjölbreytta viðburði. Félagsheimilið verði miðstöð menningar á Nesinu.
- **Saga, söfn og sérstaða Seltjarnarness.** Saga og menningararfur Seltjarnarness skapa bænum sérstöðu. Við ætlum að nýta söfnin betur, efla fræðslu og miðlun og tengja saman sögu, náttúru og mannlíf með markvissari hætti.

Fjölskyldubærinn Seltjarnarnes

Njótum náttúrunnar

- **Betri leikvöllir fyrir fjölskyldur.** Leikvöllir skipta Seltirninga miklu máli. Við viljum ráðast í endurbætur á leikvöllum bæjarins og gera þá skemmtilegri og meira aðlaðandi fyrir börn og fjölskyldur. Leikvöllirnir eiga að vera lifandi samkomustaðir þar sem fjölskyldur geta komið saman og notið útivistar.
- **Á Seltjarnarnesi eru fallegar hjóla- og gönguleiðir** sem við ætlum að gera enn betri.
- **Nesið sem upplifun fyrir íbúa og gesti.** Við viljum auka og bæta upplifun allra með markvissum merkingum um gönguleiðir, fuglalíf, sögu og áhugaverða staði.



Fjölskyldubærinn Seltjarnarnes

Skilvirkur rekstur og hófsemd í álögum

- **Lægri álögur á fjölskyldur.** Við ætlum að lækka fasteignagjöld á heimilin í áföngum á kjörtímabilinu.
- **Opin og aðgengileg stjórnsýsla.** Við ætlum að opna bókhald bæjarins, stuðla að gagnsærri ákvarðanatöku og virku samtali við íbúa.
- **Bættur rekstur og þjónusta bæjarins.** Með betri nýting fjármuna, skýrari verkferlum og einfaldari stjórnsýslu höldum við áfram að bæta reksturinn.

Á traustum grunni viljum
við byggja og gera enn betur!

